

1149. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10.08 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Steinunn Böðvarsdóttir fagstjóri rannsókna og greininga VR

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 1148. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.**
Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1148. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

- 2. Kjaramál – staðan – Íbúðafélag – staðan**

Ólafía Björk sagði frá því að á morgun verði haldinn fundur í stóru samninganefndinni og verður umfjöllunarefnið ákvörðun kjararáðs um hækkunir sem fari út fyrir ramma SALEK samkomulags enda fari þeir allt aftur til ársins 2006 til viðmiðunar sinni hækkun. Verið sé að greina þessa sérstöku niðurstöðu kjararáðs en auk þess megi búast við frekari hækkunum á næstu dögum og þá vegna t.d. ráðherra ofl. Opnunarákvæði okkar samnings er auðvitað ekki fyrr en í febrúar n.k. en þá munum við taka stöðuna.

Skýrsla Steinars Holden „*A new model for wage formation in Iceland*” er nú komin en væntanleg er íslensk þýðing. Þarna reifar Holden hvernig staðan sé á okkar vinnumarkaði og hvað við þurfum að gera öðruvísi en gert sé á hinum Norðurlöndunum. Einnig segir hann að SALEK gæti tekið nokkur ár að komast á laggirnar en sannleikurinn sé sá að ekki er nógu mikil samstaða um mörg atriði milli okkar og opinberu félaganna.

Varðandi annað þá eru fullt af öðrum málefnum tengdum kjarasamningnum í góðum farvegi og vel unnið að því. Verið er t.d. að klára ýms mál í lífeyrisnefndinni eins og hvernig eigi að haga skipan í stjórnir lífeyrissjóða.

Ólafía Björk sagði næst frá því að fyrir hönd VR sé búið að ráða starfsmann í 60% stöðugildi í vinnustaðaeftirlitið í verkefninu “Einn réttur, ekkert svindl”. Viðkomandi hefur starfað sem pólskur túlkur sem getur komið sér mjög vel í þessu verkefni. Verður hún með aðstöðu á skrifstofu VR.

Þá minnti hún á „VR daginn” sem verður haldinn 29. september nk. og verður þetta með svipuðu sniði og síðast. Stjórnarmenn munu skipta sér niður á borðin og við hjálpumst við að kynna okkur málefnið sem verða til umfjöllunar á ASÍ þinginu í lok október.

Þá ræddi Ólafía Björk kosningu fulltrúa VR á ASÍ þingið 26. – 28.10 2016 og leggur hún til að kosið verði um fulltrúana á félagsfundi þann 8. september nk. líkt og gert var með fulltrúakjör á síðasta LÍV þing. Það er mun einfaldari framkvæmd heldur en að boða til allsherjaratkvæðagreiðslu en þetta er okkar val hverju sinni. Þá fór hún yfir tímalínu framkvæmdar en það þarf bæði að senda tölvupósta á trúnaðarráð og trúnaðarmenn auk þess að fara svo í úthringingar og einnig verði auglýst eftir áhugasömum í fjölmiðlum. Síðast vorum við með 85 aðalmenn og 30 varamenn svo það er töluverð vinna að fylla þessi sæti. Þá stakk hún uppá því að við myndum bjóða fulltrúum frá öðrum LÍV félögum að vera með okkur á VR deginum og var það samþykkt samhljóða.

Næst sagði Ólafía Björk frá Höfuðborgarráðstefnu verslunarmannafélaganna á Norðurlöndunum sem að þessu sinni er haldin hér í Reykjavík í okkar umsjón. Ráðstefnan hefst á mánudag 15. ágúst og stendur í þrjá daga. Hefst hún með skýrslum landanna og síðan koma ýmis erindi og umræður. Fór hún yfir dagskrá ráðstefnunnar og nefndi að Eycló Harðardóttir ráðherra mun ávarpa ráðstefnugesti en einnig verður kynning á herferð okkar um fjölbreytni á vinnumarkaði, kynnt verður hátíðin um Fyrirtæki Ársins, launakönnun VR, kjarasamningagerð VR og svo verður fulltrúi lögreglunnar með kynningu á vinnu gegn mansali hér á landi. Fyrir hönd VR sitja ráðstefnuna Ólafía Björk og Bjarni Þór en Elías G. Magnússon sviðsstjóri verður einnig til taks og flytur eitt erinda ráðstefnunnar.

Að lokum sagði Ólafía Björk frá því að nú sé unnið í stofnsamþykktum íbúðafélagsins og að búið sé að ráða framkvæmdastjóra, Björn Traustason. Við munum reyna að fá Björn sem gest okkar á næsta fund.

3. Niðurstöður úr könnunum á traustmælingum stéttarfélaga

Þá tók til máls gestur fundarins, Steinunn Böðvarsdóttir fagstjóri rannsókna og greininga VR, og fór yfir niðurstöður tveggja kannana um ímynd og viðhorf til stéttarfélaga. Önnur könnunin var framkvæmd af Maskínu dagana 20. – 30. maí 2016 en hin af Gallup dagana 1. – 14. júní 2016. Niðurstöður voru nánast samhljóða fyrir spurningu um jákvæðni/neikvæðni í garð VR.

Rakti hún helstu niðurstöður en áberandi var hversu jákvæðni og traust í garð VR var mikið á árunum rétt fyrir hrun (rúmlega 80%) en féll svo hraustlega niður á hrunárunum 2009 – 2011 en tók svo við sér árið 2012 og hefur stigið jafnt og þétt þannig að í dag eru 73% félagsmanna VR jákvæðir gagnvart VR og aðeins um 6,6% eru neikvæðir.

Varðandi traust til VR og hversu vel eða illa félagsmenn þekkja til VR þá var áberandi að yngri félagsmenn þekkja minna til VR en bera þó meira traust til félagsins heldur en þeir eldri.

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Ólafía Björk að niðurstöður þessar verði vistaðar á skjalasvæði stjórnar.

Var Steinunni svo þakkað fyrir hennar kynningu og vék hún af fundi kl. 18:15

4. Sala á Lækjargötu 34D, Hafnarfirði

Stefán lagði fram skjalið „*Minnisblað til stjórnar VR, sala á Lækjargötu 34D í Hafnarfirði*“, dags. 8. ágúst 2016, og fór yfir meginatriði þess.

Sagði hann frá því að við sameiningu VR og Verzlunarmannafélags Hafnarfjarðar (VH) árið 2006 eignast VR skrifstofuhúsnæði VH að Lækjargötu 34D í Hafnarfirði. Um er að ræða 193,3 m². Allt frá því að VR eignaðist húsnæðið hefur það verið til sölu en með litlum árangri. Húsnæðið hefur lengst af verið í leigu. Fyrir nokkrum vikum fékk VR kauptilboð í eignina frá tveimur óskyldum aðilum en þau voru undir 32 m.kr. Þar sem um tvo aðila var að ræða hækkuð þeir sín tilboð þangað til að það endaði í 33,2. m.kr. Tilboðið hefur verið samþykkt með fyrirvara um samþykki stjórnar VR.

Umræður.

Samþykkt að undirrita umboð til Stefáns til að ganga frá sölunni. Gekk umboðið nú milli fundarmanna og var undirritað.

5. Starfshlutfall formanns VR

Ólafía Björk las nú upp úr skjalinu „*Minnisblað til stjórnar: Dagskrárliður á stjórnarfundi 10. ágúst 2016 – starfshlutfall formanns VR*“ dags. 10. ágúst 2016. Skjal þetta mun hún setja á skjalasvæði stjórnar að loknum fundi.

Í skjalinu rekur hún það að í kjölfar umfjöllunar í Tekjublaði Frjálsrar verslunar hafi ósk borist um að setja þetta mál á dagskrá stjórnarfundar VR og séu þetta viðbrögð við því. Umfjöllunin hafi verið á þá leið að laun formanns hefðu hækkað um 45% milli ára en auðvitað hefðu ekki laun fyrir störf hennar sem formanns hækkað um 45% milli ára. Hafa verði í huga að samanburður milli árána 2014 – 2015 eins og hann birtist í fjölmiðlum taki ekki tillit til breytinga á störfum formanns á tímabilinu því hún hafi eingöngu sinnt starfi formanns félagsins stærstan hluta árs 2014 en síðan verið kosin varaforseti ASÍ í lok október það ár. Þá hafi hún einnig fengið laun fyrir setu í nokkrum stjórnnum og nefndum.

Starfslýsingu formanns VR megi svo finna á vefnum og reifaði hún almennt starfsskyldur sínar og vinnutíma. Starfið er skammtilegt og gefandi en mjög tímafrekt og oft er unnið á kvöldin og um helgar.



Umræður.

Ragnar Þór vék hér af fundi kl. 19:10

6. Styrkbeiðni

Ólafía Björk fór nú yfir styrkbeiðni frá Styrktarsjóði Hans Jónatan en sótt er um styrk að upphæð kr. 200.000 vegna kostnaðar við gerð heimildarmyndar um Hans Jónatan sem fæddist sem þræll á eyjunni St. Croix árið 1784 en fluttist svo síðar á Djúpavog og gerðist þar verslunarstjóri. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður kr. 9.9 milljónir.

Umræður.

Samþykkt að greiða styrk að upphæð kr. 200.000.

Fundi var slitið kl. 20:20
Árni Leósson, fundarritari